

Reykjavík, 23.3.2026

Skil stýrihóps um heildarendurskoðun Mjóddar í Reykjavík

Stýrihópurinn um heildar endurskoðun Mjóddar í Breiðholti hefur lokið störfum og meðfylgjandi eru tillögur um heildarendurskoðun svæðisins. Hópurinn lagði upp með að nálgast verkefnið út frá þremur tímaþáttum en í fyrsta lagi þær eru aðgerðir sem hægt er að ráðast í strax, í öðru lagi aðgerðir sem þarf að ráðast í næstu misserin og að lokum tillögur um framtíðarsýn til langs tíma.

Á fundi borgarráðs þann 4. júní 2025 var erindisbréf stýrihóps um framtíðarsýn Mjóddar Fékk hópurinn það hlutverk kortleggja hagaðila, taka samtalið að. Stýrihópnum var falið að skila niðurstöðum til borgarráðs fyrir lok nóvember 2025. Upphaf vinnunar tafðist fram á haust meðal annars vegna mannbreytinga á Umhverfis- og skipulagsviði og vinnan tafðist því samhliða sem beðist er velvirðingar á ennfremur þarf sviðið að klára kostnaðarmeta tillögurnar.

Óskað er eftir að skil stýrihópsins verði lögð fram á fundi umhverfis og skipulagsráðs, Skóla- og frístundaráðs og Borgarráðs og í kjölfarið verði tilögurnar kynntar í hverfinu á opnum fundi.

Virðingarfyllst,

Sara Björg Sigurðardóttir formaður

TILLÖGUR UM HEILDARENDURSKOÐUN MJÓDDAR

Niðurstaða vinnu stýrihóps um heildar endurskoðun Mjóddar.

Sara Björg Sigurðardóttir formaður stýrihóps

Febrúar 2026

Ávarp formanns

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Vinstri grænna og Flokk fólksins er heildarendurskoðun Mjóddar sett á dagskrá og tillögur þessa stýrihóps afurð þeirrar vinnu.

Mjódd er miðja höfuðborgarsvæðisins, svæðið geymir fjölmennustu skiptistöð strætó á landinu, liggur nálægt tveimur stórum umferðaeðum, Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut þar sem framhjá fara 110 þúsund bílar daglega að jafnaði. Þangað sækir fjöldi fólks fjölbreytta þjónustu og atvinnustarfsemi. Umræða um ásýnd og stöðu Mjóddar og nánasta umhverfis hennar hefur verið áberandi síðustu misserin. Þættir sem koma inn á aðstöðu, aðbúnað, öryggi og ásýnd svæðisins sem íbúar hverfisins, viðskiptavinir verslunar og þjónustu ásamt farþegum skiptistöðvarinnar hafa ítrekað kallað eftir úrbótum á. Hluti af vinnu hópsins var að eiga samtali við hagaðila um svæðið og nálgast stýrihópurinn þá með sama hætti og upplaggið af vinnunni; tillögur að úrbótum strax, tillögur að úrbótum fljótlega og að lokum hugmyndir af framtíðarsýn svæðisins til langs tíma.

Gegnum gangandi þráður í samtali við hagaðila og grasrót hverfisins snúa að þremur þáttum. Í fyrsta lagi þyrfti svæðið á algærru endurhönnun og uppstökkun að halda í takt við önnur borgarþróunarverkefni í borginni sem aftur myndi bæta og endurræsa hverfið í heild sinni út frá gæðum byggðar, nýjum íbúum og jákvæðari ímynd. Í öðru lagi töluðu allir hópar um skiptistöðina, bæði ytra umhverfi hennar út frá aðgengi, öryggi og ásýnd en líka aðstöðunni og upplifun innan dyra. Að lokum voru það málefni skóla og frístundar út frá íbúasamsetningu, þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi og gæðum náms fyrir öll sem þyrfti að greina til framtíðar.

Mikil sóknafæri liggja í því að endurhugsa og umbreyta svæðinu í mannvænt borgarumhverfi sem laðar að sér fleira fólk, meiri fjárfestingu og blómlegt atvinnulíf. Það er ekki bara mikilvægt fyrir ímynd hverfisins, að ráðist verði í alþjóðlega hugmyndasamkeppni sem mótar og þróar svæðið til framtíðar, heldur líka fyrir íbúa, skólasamfélagið, atvinnuþróun borgarinnar að ný og betri Mjódd verði til.

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður stýrihópsins

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	1
Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Sögulegt ágríp	4
Saga Mjóddar	4
Hamlandi saga lóðasamninga hefti frekari umbætur	4
Tillögur Stýrihópsins um endurskipulag Mjóddar	6
Tillögur um aðgerðir strax.....	6
Tillögur um aðgerðir næstu misseri	6
Tillögur um framtíðarsýn - Endurræsing Mjóddar til framtíðar	7
Samtal við hagsmunaaðila	8
Samgöngur.....	8
Íbúar og fulltrúar foreldrafélaga.....	9
Borgarþróun og samtal við svæðisfélagið.	10
Vilji ungs fólks í Breiðholti	10
Skóli og frístund.....	11
Íbúakönnun.....	11
Hvað vilja íbúar og ungt fólk sjá í nýrri og betri Mjódd?.....	13

Inngangur

Í febrúar 2025 tók við nýr meirihluti við stjórn Reykjavíkurborgar en einn af verkþáttum samstarfssáttmálans var að koma með tillögur að heildarendurskoðun Mjóddar.

Þann 4. mars 2025 samþykkti borgarstjórn eftirfarandi tillögu: „Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að ráðast í heildarendurskipulagningu Mjóddar í samráði við íbúa.“

Þann 25. júní 2025 skipaði umhverfis – og skipulagsráð stýrihóp til þess að fara yfir verkefni sem tengjast endurskipulagningu Mjóddar til framtíðar.

Megin leiðarljós hópsins er að fylgja eftir samþykkt borgarstjórnar, halda utan um endurskipulagningu Mjóddar í samráði og samtali við íbúa ásamt því að vinna að hagsmunaaðilagreiningu sem er grundvöllur að samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á og skili af sér til kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok október 2025.

Helsta hlutverk hópsins var:

- I. Vinna tillögur vegna endurskipulagningar Mjóddar í samvinnu við starfsfólk og leggja tillögur fyrir umhverfis- og skipulagsráð.
- II. Eiga í samtali við fasteignaeigendur og lóðarhafa á svæðinu og vinna að lausnum þegar kemur að lóðamálum til að tryggja framgang verkefnisins.
- III. Eiga í virku samtali við umhverfis- og skipulagsráð um vinnuna.
- IV. Tryggja gott samtal við íbúa um vinnuna.

Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn:

Alexandra Briem borgarfulltrúi, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir varaborgarfulltrúi og Sara Björg Sigurðardóttir, varaborgarfulltrúi var jafnframt skipuð formaður. Valný Aðalsteinsdóttir sérfræðingur á Umhverfis- og skipulagssviði (USK) var skipað starfmaður hópsins. Stýrihópurinn hélt 9. fundi á tímabilinu 19. september 2025 til 25. nóvember 2025 og kallaði til sín á fundi helstu hagaðila sem talið væri að tengdust málinu á einn eða annan hátt.

Sögulegt ágríp

Saga Mjóddar

Mjódd þróaðist sem verslunar- og þjónustumiðstöð í Breiðholti frá miðjum níunda áratug 20. aldar. Hún tók fljótt við hlutverki minni hverfiskjarna eins og Arnarbakka, sem urðu undir í samkeppni vegna stærðar, fjölbreytni og aðgengis. Lóðarúthlutun undir stórmarkað var samþykkt 1970 og bygging verslunarhúsa hófst árið 1979 með yfirbyggða göngugötu og bílastæðum báðum megin. Glerpak yfir göngugötu kom árið 1995 til að bæta aðstæður. Breiðholtskirkja vígð árið 1988, póstdreifimiðstöð og skiptistöð var byggð árið 1989.

Mjódd hafði mikil áhrif á þróun þjónustu í hverfinu en bankar, pósthús og fyrirtæki fluttu þangað úr eldri kjörnum í Breiðholti. Breyttir verslunarhættir, aukin bílaeign og stærðarhagkvæmni stuðluðu að vexti Mjóddar. Mjódd varð einnig samgöngumiðstöð með strætó, auk verslana, þjónustu og opinberra stofnana.

Þegar horft er til þróunar Suður - Mjóddar þá fékk ÍR íþróttasvæði árið 1970, vallahús árið 1983, ÍR-heimili vígt 1995, síðari uppbygging íþróttamannvirkja 2022 og íbúðasvæðis. Í Norður-Mjódd opnaði Olís bensínstöðin árið 1976, Staldrið sjoppa árið 1984 en deiliskipulag var gert árið 1999 á gamla Garðheimareitnum fyrir verslun, þjónustu og gróðrarstöð. Mjódd hafði afgerandi áhrif á skipulag og samfélagsgerð Breiðholts frá árunum 1970 til 2020. Hún varð miðpunktur verslunar og þjónustu í hverfinu og dró úr mikilvægi eldri kjarna.

Hamlandi saga lóðasamninga hefti frekari umbætur

Óvissa og ágreiningur um eignarhald á bílastæðum hefur hamlað umhverfi og eðlilegri borgarþróun í Mjódd. Þegar lóðum var upprunalega úthlutað af þáverandi borgarstjóra árið 1977, var lóðum úthlutað með úthlutunarbréfum, en samkvæmt þeim áttu lóðahafar að kosta til gerð bílastæða en borgin að greiða bæði rekstur og viðhald á þeim. Áttu tilvonandi lóðahafar að greiða gjöldin fyrir úthlutun í hlutfalli við stærð lóða. Þrátt fyrir ákvæði fyrrgreinds úthlutunarbréfs bendi margt til að borgarsjóður hafi kostað gerð bílastæðanna en Svæðisfélagið í Mjódd, fyrir hönd fasteignaeigenda í Mjódd annaðist að mestu rekstur og viðhald bílastæðanna frá úthlutun.

Í áratugi hefur verið ágreiningur milli svæðisfélagsins Mjódd og Reykjavíkurborgar um uppgjör á kostnaði við rekstur bílastæða og er þá einungis um að ræða þau bílastæði sem fylgdu úthlutun þann 2. ágúst 1977. Þessi staða gerði það verkum að ekki hafa verið gefnir út lóðarleigusamningar fyrir aðrar lóðir sem tengjast bílastæðunum og hafa þeir fasteignaeigendur hvorki greitt lóðarleigu né fasteignagjöld af bílastæðalóðunum. Það var fyrst árið 1998 þegar Svæðisfélagið í Mjódd leitaði eftir að borgarráð samþykkti að vinna

lóðaleigusamninga við þá rekstraraðila sem ekki höfðu slíka samninga, en samningar sem gerðir voru árið 1977 eru í engu samræmi við þá samninga sem gerðir eru í dag. Því er ljóst að ekki er gætt að jafnræði á milli aðila á þessu svæði hvað varðar kostnað við rekstur og viðhalds bílastæðalóða á svæðinu. Þá hefur verið skoðað hvernig fyrirkomulag reksturs og viðhalds annarra bílastæðalóða við verslunarkjarna í Reykjavíkurborg er háttað og segja má að staðan í Mjódd sé einsdæmi hvað varðar greiðsluþátttöku borgarinnar við rekstur og viðhalds bílastæða. Reynt hefur verið með hléum í rúmlega 25 ár að vinda ofan þeim ákvörðunum sem teknar voru árið 1977.

Ljóst er að samningar sem gerðir voru fyrir að verða 50 árum hafa að einhverju leiti staðið í vegi fyrir heilbrigðri borgarþróun á svæðinu. Vill stýrihópurinn leggja áherslu á að leitað verði leiða til að leysa stöðuna þannig að jafnræðis sé gætt á milli lóðahafa en samkvæmt upplýsingum til stýrihópsins er vinna í gangi hjá skrifstofu Eignastýringar á Umhverfis- og skipulagssviði að ganga frá lóðarleigusamningum á svæðinu í samvinnu við svæðisfélagið og fasteignareigendur. Það er mikilvægt að leysa upp afdrifaríkar ákvarðanir fortíðar og vinna verkefninu brautargengi áfram með framtíðarhagsmuna íbúa, borgar og lóðaeiganda að leiðarljósi.

Tillögur Stýrihópsins um endurskipulag Mjóddar

Tillögur um aðgerðir strax

1. Gróður á grænu svæði í kringum stoppstoppistöð Mjóddar snyrtur, stakstæð tré við byggingar tekin niður til að tryggja betur öryggisupplifun.
2. Aflöguð hellulögn löguð út frá kröfum um aðgengi fólks með skerta hreyfigetu, ásamt annað umhverfi einnig hreinsað og blómalaucar settir niður þar sem það er hægt.
3. Fleiri öryggisvélar tengt skiptistöð og nánasta umhverfi hennar fái myndavélaeftirlit.
4. Lýsing skoðuð og úrbætur gerðar sem fyrst við og í kringum skiptistöð og undirgöng.
5. Aðgengi og ásýnd á og við stoppstöðvarpalla almenningssamgangna þarf að laga til að bæta aðgengi og ásýnd þar til svæðið fer í framkvæmd.
6. Í samstarfi við Eignasjóð, leigutaka og húsfélag að Þönglabakka er verið að skoða biðsal og hvernig hægt sé að lífga upp á hann með vegglistaverki, nýrri setaðstöðu og bættri lýsingarhönnun.
7. Forhönnun stoppstöðvar er komin vel á veg. Áætlað er að for- og verkhönnun ljúki fyrir áramót. Í hönnun er hugað að bættu umferðaröryggi, bættri aðstöðu fyrir almenningssvagna ásamt verulega bættri aðstöðu fyrir notendur. Auk þess er unnið að fallettri lýsingarhönnun ásamt almennt bættri ásýnd svæðisins.
8. Aðgengis úttekt VSÓ höfð til hliðsjónar við vinnuna.

Tillögur um aðgerðir næstu misseri

- Skiptistöðin og nánasta umhverfi hennar verði endurhönnuð út frá öryggi og aðgengi gangandi, svæðið gert öruggara, grænna, lýsing verði bætt.
- Upphítuð, skjólgóð og björt biðskýli verði sett utan dyra við strætóvasa.
- Nýir skiptistöðvasar fái tengingar fyrir rafhleðslur.
- Yfirbyggð hjólaskýli með rafhleðslu ásamt safnstæðum fyrir rafskútur verði komið fyrir við skiptistöð, austan og vestan megin við innganga þannig að hjólandi geti læst hjólum, hægt verði að hlaða þau verði í skjóli fyrir veðri og vindum.
- Greina tækifæri til að nýta opin rými til að ýta undir menningarstarf og til að laða að fjölbreyttar listgreinar í sambandi menningar- og íþróttasvið, Bandalag listamanna, listabraut Fjölbrautarskólans í Breiðholti.
- Skóla- og frístundasvið vinni sviðsmyndagreiningu fyrir skólasamfélagið í hverfinu út frá stöðu mannvirkja, þróun íbúafjölda, íbúasamsetningu, frístundum og tækifærum

til efla skóla- og frístundastarf í hverfinu eins og safnskóla, ungmennahús 16 ára eldri, enn frekar þannig að hægt sé að tryggja farsæld allra barna og ungmenna á leik-, grunn og framhaldsskóla aldri.

- Að farið verði í tilraunaverkefni til fjögurra ára um skipulagðar ferðir almenningssamgangna/flugrútu milli Mjóddar til Leifsstöðvar þannig að leið 55 yrði skipt upp í A og B leið og B yrði endastöð fyrir Breiðholt.
- Sviðsmyndagreining verði gerð til að leita leiða til að leysa stöðuna við lóðahafa þannig a) að jafnræðis sé gætt á milli þeirra, b) til að kanna físcaleika hvort og þá í hvaða umfangi væri hægt að skoða uppbyggingarétti til leysa hnúttinn líka til að flýta fyrir að verkefnið vinnist áfram með framtíðarhagsmuna íbúa, borgar og lóðaeiganda að leiðarljósi.

Tillögur um framtíðarsýn - Endurræsing Mjóddar til framtíðar

- Mjódd verði skilgreind sem borgarþróunarverkefni sem fái forgang.
- Alþjóðleg hugmyndasamkeppni verði undirbúin um svæðið til að ná fram endurhugsun, endurhönnun og endurskilgreina Mjódd framtíðar en með alþjóðlegum gleraugum næst sýn á svæðið án þess að saga hverfisins og svæðisins fylgi með.
- Leitað verði leiða til að gæta jafnræðis við lóðarhafa á svæðinu.
- Borgarhönnunarstefna verið notuð sem leiðarljós til að tryggja gæði húsa, íbúða og borgarýma.
- Þétting byggðar taki mið af viðmiðum AR2040 um hámarkspéttingu næst borgarlínustöð.
- Falleg borgarhönnun með gróðri, samverustöðum, list, leiksvæðum með rennandi vatni og blandaðri þjónustu glæði almannarýmin gæðum.
- Nauðsynlegt er að bæta tengingar Mjóddar við nærliggjandi byggð og auka magn íbúðahúsnæðis í nánd við hana.
- Stór bílastæði yrðu betur nýtt í þágu blandaðrar byggðar og þjónustu en æskilegt er að ná samkomulagi við lóðarhafa um uppbyggingu bílastæðahúsa.
- Leitast verði við að fá inn heilbrigðistengda atvinnustarfsemi, almennt skrifstofuhúsnæði ásamt rýmum fyrir þjónustu verði komið fyrir næst stofnbrautum til að efla þjónustu á svæðinu.
- Kynslóðahús með fjölbreyttum búsetuformum eins og sam-búð verði partur af skipulaglýsingu, deiliskipulag sé skýrt til að lækka byggingakostnað og draga úr félagslegri einangrun.

- Áherslur, samtal við hagaðila um öll gangi í takt til að ný og betri Mjódd verði að veruleika.

Samtal við hagsmunaaðila

Í gegnum ferlið hitti stýrihópurinn fjölmarga hópa hagsmuna, rekstraraðila sem og lóðaeigendur. Voru fundirnir þemaskiptir en var mikill samhljómur þvert á fundi að vilja taka höndum saman og vinna að betri og bættari Mjódd.

Umræða um ásýnd og stöðu Mjóddar og nánasta umhverfis henni tengdi hefur verið áberandi síðustu misserin. Þættir sem koma inn á aðstöðu, aðbúnað, öryggi og ásýnd svæðisins sem íbúar hverfisins, viðskiptavinir verslunar og þjónustu ásamt farþegum skiptistöðvarinnar kalla eftir. Hluti af verkefni hópsins var að eiga samtal við hagaðila um svæðið og nálgast stýrihópurinn þá með sama hætt og uppleggið af vinnunni ; tillögur að úrbótum strax, tillögur að úrbótum fljótlega og að lokum hugmyndir af framtíðarsýn svæðisins til langs tíma. Voru fundirnir þemaskiptir en var mikill samhljómur þvert á fundi að vilja taka höndum saman og vinna að nýrri og betri Mjódd.

Samgöngur

Til að fá betri sýn hvað varðar samgöngur á svæðinu áttum við fund með helstu sérfræðingum borgarinnar í þeim málaflokki, auk Vegagerðarinnar, Betri samgangna sem og fulltrúa frá Innviðaráðuneytinu. Margar áskoranir voru bornar á borð og mikið rætt um hættuna sem gangandi vegfarandendur verða fyrir í núverandi aðkomu að skiptistöð stræto í Mjódd. Voru allir á eitt sammála um að þar þyrfti að bæta verulega úr og verði gert ráð fyrir þeim í áformum um bættu ásýnd skiptistöðvar. Þá ber að horfa til eignarhalds á reitnum og vinna þeim málum farsælan endi.

Töluvert var rætt um að kanna möguleika á ferðum flugrútu um Mjódd til þess að tengja austurborgina betur við flugsamgöngur auk þess að þeir vagnar sem ferðast á landsbyggðina hefja og enda ferðir sínar í Mjódd. Voru allir hagaðilar áhugasamir um þessa leið til að bæta almenningsamgöngur og vonumst við eftir að það verði sett í forgang við teiknun framtíðarsýnar Mjóddar.

Aðkoma akandi að Mjódd er mjög góð og verulegur fjöldi bílastæða á svæðinu en aðkoma fyrir gangandi ekki með besta móti. Aðkoma frá Suður og Norður Mjódd að miðsvæði er nokkuð torfær bæði þegar litið er til skorts á göngustígum og slæmu ástandi þeirra sem geta ógnað öryggi fólks með skerta hreyfigetu. Umræða um göngugötuna var mikil. Gönguleiðir langar og lítt aðlaðandi en mætti horfa betur til hvernig má gera aðkomu hlýlegri og betri. Aðkoma hjólandi er flókin en ekki er gert ráð fyrir hjólandi umferð þó um

stóra skiptistöð sé að ræða né eru yfirbyggð hjólaskýli við verlanakjarna. Það er þáttur sem þarf að horfa til enda um vaxandi samgöngumáta að ræða en stofnstígur hjólandi liggur meðfram Mjódd og er lykilleið í hjólreiðasamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Rætt um viðhald núverandi eigna í borgarlandinu á svæðinu en í forgangi að laga kantsteina, þökuleggja sár, laga hellur auk þess að fjarlægja steipta bekki á svæðinu.

Framtíðar staðsetning Borgarlínustöðvar í Mjódd var rædd mikið og voru þar margir þættir að horfa til, þ.e. lágmarkun á ferðatíma vagna, aðkoma farþega sem og tenging við núverandi þjónustukjarna og framtíð þeirra. Norður -Mjódd og uppbygging á því svæði var rædd en engar tillögur eru komnar á það stig að hægt sé að taka þær til umræðu. Nauðsynlegt er að staðsetning borgarlínustöðvar sé í góðu samhengi við bæði byggð á svæðinu og stoppistöð Strætó.

Íbúar og fulltrúar foreldrafélaga

Fulltrúar hópsins hittu bæði fulltrúa íbúa og foreldrafélaga. Staða hverfisins er viðkvæm vegna neikvæðrar umræðu í fjölmiðlum, ímyndunarvanda og fordómumtengt stöðum innan hverfis eins og Mjódd en líka skólasamfélögum og þeirri staðreynd að þrír skólar í hverfinu eru með yfir 60% barna af erlendum uppruna. Með góðu og vönduðu skipulagi, metnaðarfullri framtíðarsýn eru tækifæri til að endurhugsa og endurhanna hverfið til að laða að sér nýja íbúa. Hverfið og Mjódd þarf nýtt andlit, endurræsinguna til framtíðar.

Það gefst með nýbyggingu á gæða íbúðum, ekki magni - meiri gæði umfram magn. Hágæða borgarhönnun sem verði staður til að laða að sér fólk á öllum aldri. Mikilvægt er að efla lífsgæði íbúa sem búa í Breiðholti og nota til þess nýsamþykka borgarhönnunarstefnu þannig að hún verði notuð sem leiðarljóst í uppbyggingu svæðisins tali við eiginleika hverfisins eins og byggðamynstur, þéttingu, hæðir húsa og ásýnd. Mikilvægt að vanda til verka þannig að skuggavarp verði lágmarkað, hugað verði að hljóðvist og inngarðar standast kröfur Aðalskipulags um birtu þannig að svalagangar að Reykjanesbraut eru ekki góð hugmynd. Með háum húsum skapast vindur og þá mun enginn njóta inngarða. Þá var fulltrúum einnig umhugað um hljóðvist og loftgæði þeirra heimila sem næst Reykjanesbraut munu búa.

Inn í hverfið er ákall fulltrúa foreldrasamfélagsins um betri þjónustu fyrir 16+, ungmennahús, öruggan stað til fyrir krakkana í hverfinu að hanga lengur í öruggu umhverfi. Fulltrúar ungmennaráðanna kölluðu líka eftir samastað í Mjódd til að hanga á. Staðan í Mjódd í dag er ekki góð en báðir hópar upplifðu óöryggi og vildu ekki vita af börnum og ungmennum þar einum. Opnunartími og eðli þjónustunnar laðar að sér allar tegundir mannlífs og þarf svæðið að vera undir allt búið.

Borgarþróun og samtal við svæðisfélagið.

Mikil tækifæri liggja í Mjódd og gegnum gangandi í öllu samtali stýrihópsins komur fram möguleikarnir sem felst í því að fá að alþjóðlegt hönnunarteymi inn með ný gleraugu og ferska vinda. Fulltrúar svæðisfélagsins ræddu um að Mjódd bjóði upp á mikla framtíðarmöguleika, ný tækifæri en svæðið gæti verið staður laðar að sér fleira fólk, fyrirtæki og fjárfestingu og með þeirri umbreytingu kæmu samhliða mikil ásýndartækifæri. Félagið fagnar því mikið að mögulega sé eitthvað að fara gerast í Mjódd, umræðan síðustu misserin hafa verið erfið og hefur haft áhrif á svæðið og aðsókn en erfiðara hefur verið að leigja út svæði. Svæðisfélagið er sammála um að Mjódd þurfi á viðhaldi að halda, endurnýja þurfi lóðarleigusamninga. Mið Mjódd þarf að fara í uppbyggingu, mikið tækifæri í bílastæðunum. Mjódd er hjartað á höfuðborgarsvæðinu. Svæðisfélagið er einnig sammála um að það þurfi heildarsýn fyrir Mjódd. Þau benda á að eignarhaldið sé flókið og það sé mjög ólíkir hagsmunir þar sem eignarhlutinn er misjafn. Reitir eiga 25% af Mjódd. Þau benda á að það eru þrjú hús sem eru út fyrir svæðisfélag Mjóddar, kirkjan, íbúðarhúsið og bíóið. Þau benda á að það þurfi að gera aðgerðaráætlun fyrir strætósvæðið. Það svæði sé mikið í um ræðunni. Mikilvægt að betrumbæta göngu- og hjólatengingar í Mjódd. Svæðisfélagið segir að það sé einhugur á milli minni og stærri fyrirtækja, miklir þróunarmöguleikar.

Stýrihópurinn fékk innsýn í hugmyndavinnu svæðis frá skrifstofu borgarhönnunar ásamt að fá stöðuna frá hverfistjóra Breiðholts um þær helstu áskoranir sem hann telur í vegi Mjóddar.

Vilji ungs fólks í Breiðholti

Fulltrúar stýrihópsins hittu ungmennaráð Breiðholts á kröftugum fundi á kennarastofu Breiðholtsskóla. Góðar umræður spruttu og höfðu ungmenni sannarlega skoðanir á þróun Mjóddar. Hvað varðar bráðaaðgerðir var mikið rætt um biðstöð strætó að lýsing og gæsla væri þar í samræmi við notkun. Einnig aðgengi að salernum í því samhengi inn á biðstöðinni, talað var um að lagfæra hellur og bekki á svæðinu svo hætta skapist ekki á umgengni um svæðið.

Var ungmennaráð á því að nauðsynlegt væri að færa lit og líf í göngugötuna, ein af þeim hugmyndum sem þar voru ræddar var regnbogagata eða annað sem færir líf í gráleitt umhverfið. Í því samhengi var einnig nefnd blómaker með litum á bílastæðinu til að færa því líflegri ásýðnu. Hvað rekstrar einingar varðar voru hugmyndir um ísbúð nokkuð mikið rædd en slík verslun er ekki í hverfinu, ræddu ungmennin einnig ásýndaráhrif slíkrar verslunar. Nokkuð neikvæðar umræður voru um þær rekstrareiningar sem opnar eru allan sólarhringinn en mikið rætt um að þær dragi að sér neikvæða gesti og ásýnd sama var

einnig nefnt með verzlun sem selur nikótínvörur en voru ungmenni nokkuð skýr með að þau töldu áhrif af verzluninni mjög neikvæð fyrir Mjódd.

Skóli og frístund

Áhyggjur og vangaveltur um stöðu skóla- og frístundamála í hverfinu komu upp á fundum með hagaðilum meðal annars íbúum, fulltrúa foreldafélaga og spurningakönnun en þrír skólar af fimm eru með yfir 60% barna af erlendum uppruna. Uppbygging og framtíðarsýn nýrra hverfa helst í hendur með vönduðu skipulagi sem aftur skapar tækifæri til að brjóta upp núverandi byggð og styrkja með íbúasamsetningu sem vantar inn í hverfið. Þetta þekkist eins og í Svíþjóð, Danmörku, Hollandi og Þýskalandi.

Það er skýrt í AR2040 að krafa sé um byggð borgarinnar sé blönduð fyrir ólíka hópa samfélagsins til að tryggja félagslega blöndun. Kallar stýrihópurinn eftir því að samskonar gæðaviðmið verði gerð um skóla borgarinnar til að þannig að hægt sé tryggja félagslegan fjölbreytileika og blöndun innan hverfa borgarinnar. Bæði til að tryggja jafnræði barna til náms og farsæld þeirra. Fimm skólar eru í hverfinu og myndi Breiðholtsskóli taka á móti þeim börnum sem myndu flytjast inn í nýja byggð í Mjódd. Það er vandmeðfarið þegar einn skóli er orðin holdgerfingur vanlíðunar og ofbeldis barna í fjölmiðlum fyrir allt landið sem aftur hefur neikvæð áhrifa á allt skólasamfélagið, nemendur, kennara og foreldra.

Fulltrúar stýrihópsins fengu mjög skýr skilaboð um að ekki verði unað við óbreytt ástand og telja mikilvægt að skóla- og frístundamál í hverfinu verði skoðuð í sinni víðustu mynd. Unnin verði sviðsmyndagreining til að kortleggja stöðuna, tækifærin sem í henni liggja og skoða hvernig sambærileg verkefni hafa verið leyst í öðrum löndum. Með því að endurhanna Mjóddina, skapast tækifæri til að endurhugsa tækifæri skóla- og frístundar í hverfinu líka. Þá voru einnig ræddar hugmyndir um að setja upp aðstöðu í Mjódd fyrir félagstarf á vegum Miðbergs sem myndi vinna að aukinni nálægð starfsmanna með sérþekkingu að ungmennum í flókinni stöðu auk þess að færa inn líf ung fólks í umhverfið.

Íbúakönnun

Því til viðbótar leituðum við til íbúa í gegnum samfélagsmiðlahóp Íbúasamtakanna Betra Breiðholt þar sem við lögðum fram spurningalista til að leita helstu skoðana íbúa. Svörin var góð eða 271 manns svöruðu spurningunum og voru allir svarendur nema 11 búsettir í Breiðholti. En aðrir sem svara eru til dæmis með rekstur eða starf í Mjódd, bjuggu til fjölda ára í Breiðholti eða fleira í þeim dúr.

Þegar spurt var hvað fólki þótti best við Mjódd var nokkur samhljómur um að það væri Nettó, heilbrigðisþjónusta og apótek. Þá nefna margir einnig bakarí, fiskbúð, bókabúð og efnalaug. Þegar leitast var eftir að vita hvað svarendum þætti helst vanta í Mjódd var hluti sem sagði ekkert vantaði í Mjódd. Hinn hlutinn nefndi ísbúð, kaffihús sem opið væri frameftir, fjölbreytt úrval veitingastaða eða mathöll, fjölbreyttari sérvöruverslanir eins og kjötbúð, spilabúð, hjólabúð eða íþróttabúð. Margir nefndu að aukið mannlíf, meiri menningu, viðburði og matarmarkaði vantaði í göngugötu sem og meiri og sýnilegri öryggisgæslu. Þá var leiksvæði fyrir börn, samverustaði fyrir fjölskyldur einnig tíðnefnt sem og bætt salernisaðstaða. Helstu ábendingar fyrir svæðið má sjá í orðaskýinu í næsta kafla.

